



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

11. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 15. mars 2021 kl. 19,30 að Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Bygginganefndin gekk um Búðarstíg 22. Á þeim fimm vikum sem liðnar eru frá síðasta fundi hefur margt verið unnið. Búið er að þilja niður vegg í skrifstofurými, búið að leggja pípulagnir og tengja ofna í smásölum miðrymis, rafvirkjar eru að störfum og málarar eru byrjaðir að undirbúa málningu í skrifstofurými. Keyptar hafa verið innréttingar á snyrtingar og kaffistofu en á eftir að setja upp. Verið er að hreinsa gólf í skrifstofurými svo hægt sé að leggja flísar og einnig stendur fljótlega til að mála gólf í aðalsal, norðvestursal og smásölum. Frágangi er ólokið á gluggum og köntum utandyra og eftir er að setja upp útidyrhurð og klæðningu á aðalinngang. Verkið gengur vel. Stefnt er að verklokum í endaðan apríl.

2. Fjárhagsleg staða. Safnstjóri lagði fram yfirlit um stöðu byggingareiknings 1. mars 2021 og áætlun um endanlegan kostnað við framkvæmdir. Frá 1. mars 2020 hefur verið framkvæmt fyrir 110 milljónir króna. Bygginganefnd leggur til við stjórn Byggðasafns Árnesinga að nýta sér yfirdrátt í viðskiptabanka þar til allir styrkir og endurgreiðslur hafa borist vegna verkefnisins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20,15.

Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Lýður Pálsson

Eggert Valur Guðmundsson